



424. fundur Þingvallanefndar

1. mars 2016

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, þriðjudaginn 1. mars 2016 kl. 11.30 – 13.00. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Svandís Svavarsdóttir, Oddný Harðardóttir, Róbert Marshall, Unnur Brá Konráðsdóttir og Birgir Ármannsson. Einnig sátu fundinn Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Hringur Hafsteinsson og Bríet Friðbjörnsdóttir frá Gagarín mættu vegna fyrsta dagskrárliðar ásamt Guðbjarti Á. Ólafssyni og Gíslínu Guðmundsdóttur frá Framkvæmdasýslu ríkisins.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Sýning í gestastofu og frekari stækkun gestastofunnar.
Bríet Friðbjörnsdóttir og Hringur Hafsteinsson sýningarhönnuðir frá Gagarín kynntu hugmyndir að nýrri sýningu í gestastofu.

Sýningin mun fjalla um sögu, menningu og náttúru Þingvalla.

Faghópur hefur verið fenginn til aðstoðar við sýninguna, hann skipa; Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur, Skúli Skúlason líffræðingur, Einar Á. E. Sæmundsen landlagsarkitekt, Torfi J. Stefánsson íslenskufraeðingur, Kristín Guðnadóttir listfræðingur, Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur og Hilmar Malmquist líffræðingur.

Þingvallanefnd samþykkir einróma að setja upp vandaða sýningu í nýrri gestastofu á Hakinu á Þingvöllum og að unnið verði áfram samkvæmt tillögu undir heitinu „*Þingvellir, hjarta lands og þjóðar*“ sem sýningarhönnuðir fyrirtækisins Gagarín kynntu nefndinni.

Verkefnisstjórn með sýningunni er í höndum Framkvæmdasýslu ríkisins.

Unnur Brá vék af fundi kl. 12.40.

2. Rekstraráætlun og fjárhagsstaða þjóðgarðsins.
Skrifstofustjóri þjóðgarðsins fór yfir rekstraáætlun ársins 2016 og fjárhagsstöðu þjóðgarðsins.

Nefndin lýsir ánægju sinni með rekstrarniðurstöðu þjóðgarðsins.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 12:55.